

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

Mættir : Hörður J Oddfríðarson formaður, Jón Hjaltason varaformaður, Björn Sigurðasson gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hilmar Örn Jónason, Júlía Þorvaldsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Emil Örn Harðarson mótastjóri og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.

Afboða, mæta ekki : Eva Hannesdóttir, Helga Sigurðardóttir, Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri og Mladen Tepavcevic verkefnastjóri.

Fundur settur kl. 18.30

1. Fundargerðir

a. Dómaranefnd nr. 88 dags. 3.apríl 2019

Staðfest

b. Dómaranefnd nr. 89 dags. 6.maí 2019

Staðfest

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Fanneý Lind Jóhannesdóttir	Sf. Ægir	Sd. Breiðabliks	21.03.2019	20.04.2019
Ólöf Kristín Isaksen	Sf. Óðinn	Sd. Breiðablik	10.05.2019	08.06.2019

3. Staðfesting meta

50m laug

Telpna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB	1:14,93	05.04.19	Reykjavík
200m fjórsund	Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB	2:26,61	06.04.19	Reykjavík
200m bringusund	Eva Margrét Falsdóttir	ÍRB	2:36,69	07.04.19	Reykjavík

Drengja

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	27,97	07.04.19	Reykjavík

Pilta

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m skriðsund	Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik	53,35	06.04.19	Reykjavík
400m skriðsund	Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik	4:02,93	05.04.19	Reykjavík
800m skriðsund	Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik	8:33,74	06.04.19	Reykjavík
800m skriðsund	Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik	8:29,70	07.04.19	Reykjavík
1500m skriðsund	Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik	16:06,23	06.04.19	Reykjavík
400m fjórsund	Patrik Viggó Vilbergsson	Breiðablik	4:39,37	07.04.19	Reykjavík

25m laug

Karla

Garpar 25-29 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Sigurður Örn Ragnarsson	Ægir	8:43,09	03.05.19	Reykjavík

Garpar 40-44 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m flugsund	Magnús Konráðsson	SH	1:04,55	04.05.19	Reykjavík
50m bringusund	Magnús Konráðsson	SH	31,46	04.05.19	Reykjavík
100m fjórsund	Magnús Konráðsson	SH	1:04,13	04.05.19	Reykjavík

Garpar 50-54 ára

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Steinn Jóhannsson	SH	1:22,24	03.05.19	Reykjavík
100m flugsund	Steinn Jóhannsson	SH	1:14,62	04.05.19	Reykjavík
50m bringusund	Finnbjörn Aðalheiðarson	Ægir	35,30	04.05.19	Reykjavík
200m fjórsund	Steinn Jóhannsson	SH	2:40,25	04.05.19	Reykjavík

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

200m bringusund	Steinn Jóhannsson	SH	2:57,97	04.05.19	Reykjavík
Garpar 60-64 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m skriðsund	Ragnar Marteinson	Stjarnan	31,49	03.05.19	Reykjavík
400m skriðsund	Remi Spilliaert	Ægir	6:04,85	04.05.19	Reykjavík
Garpar 65-69 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Örn Geirsson	Ægir	43,16	03.05.19	Reykjavík
50m flugsund	Guðjón Guðnason	SH	38,09	03.05.19	Reykjavík
100m fjórsund	Guðjón Guðnason	SH	1:32,50	04.05.19	Reykjavík
Garpar 70-74 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m skriðsund	Kári Geirlausson	ÍA	32,87	03.05.19	Reykjavík
200m skriðsund	Kári Geirlausson	ÍA	2:57,23	04.05.19	Reykjavík
100m fjórsund	Kári Geirlausson	ÍA	1:35,36	04.05.19	Reykjavík
50m baksund	Kári Geirlausson	ÍA	44,06	04.05.19	Reykjavík
100m skriðsund	Kári Geirlausson	ÍA	1:16,12	04.05.19	Reykjavík
Kvenna					
Garpar 45-49 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Pálína Björnsdóttir	Ægir	37,17	03.05.19	Reykjavík
Garpar 55-59 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Ásta Þóra Ólafsdóttir	Breiðablik	13:02,11	03.05.19	Reykjavík
100m bringusund	Birna Jóhanna Ólafsdóttir	SH	1:45,35	03.05.19	Reykjavík
50m skriðsund	Ásta Þóra Ólafsdóttir	Breiðablik	34,64	03.05.19	Reykjavík
100m fjórsund	Ásta Þóra Ólafsdóttir	Breiðablik	1:31,46	04.05.19	Reykjavík
200m bringusund	Birna Jóhanna Ólafsdóttir	SH	3:41,03	04.05.19	Reykjavík
100m skriðsund	Ásta Þóra Ólafsdóttir	Breiðablik	1:17,76	04.05.19	Reykjavík
Garpar 60-64 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m skriðsund	Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir	3N	3:29,73	04.05.19	Reykjavík
Garpar 65-69 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Björg H. Kristófersdóttir	UMSB	1:56,53	03.05.19	Reykjavík
50m bringusund	Björg H. Kristófersdóttir	UMSB	51,49	04.05.19	Reykjavík
Garpar 70-74 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m skriðsund	Fríða Proppé	Breiðablik	46,97	03.05.19	Reykjavík
50m skriðsund	Guðmunda Ólöf Jónasdóttir	UMSB	45,55	03.05.19	Reykjavík
100m skriðsund	Sigurbjörg Sigurpálsdóttir	Fjölnir	2:05,46	04.05.19	Reykjavík
100m skriðsund	Fríða Proppé	Breiðablik	1:45,59	04.05.19	Reykjavík
100m skriðsund	Guðmunda Ólöf Jónasdóttir	UMSB	1:40,73	04.05.19	Reykjavík
Boðsund 240-279 ára					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m fjórsund	Sveit Breiðabliks 1 Þórdís Hrönn Pálsdóttir Brynja Guðmundsdóttir Ásta Þóra Ólafsdóttir Fríða Proppé	Breiðablik	3:32,33	04.05.19	Reykjavík
Kyndblandað boðsund					
Boðsund 200-239					
Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m fjórsund	Sveit Ægis 1 Lóa Birna Birgisdóttir Bryndís Ernstdóttir Remi Spilliaert Finnbjörn Aðalheiðarson	Ægir	2:34,04	04.05.19	Reykjavík

4. Aðsend bréf

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

Dags	Efni	Sendandi
a.09.03.2019	Len Bureau minutes Nice, France	LEN/DS
b.13.03.2019	Summary Fina water polo manual	FINA
c. 15.03.2019	European Artistic synchronized swimming champions cup	LEN
d.22.03.2019	NSF report Nice advertising regulations	LEN/ph
e.22.03.2019	Len open water cup Barcelona	LEN
f. 29.03.2019	Team contribution and prize money	LEN/gm
g.18.04.2019	Genral Congress invitation	FINA/sd
h. 03.05.2019	Spanish open water championship	JF
i. 03.05.2019	Styrkbeiðni <i>framkvæmdastjóri svarar beiðninni</i>	eó
j. 07.05.2019	Fina general survey 2019	FINA/cm
k.07.05.2019	Customs and logistics guide Gwangju 2019	FINA/js
l. 07.05.2019	Þakkir fyrir styrk vegna þátttöku í HM í Íssundi	bh
m.07.05.2019	Íslenskar stúlkur að æfa Samhæfða sundfimi <i>formanni og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu</i>	óe
n. 10.05.2019	DEVELOP THE DIVING ACTIVITY IN YOUR COUNTRY	JN

5. Styrkir SSÍ og samningar við sundfólk

- a. Fyrir liggja samningar við eftirfarandi sundfólk og félög þeirra
 - i. Anton Sveinn McKee
 - ii. Dadó Fenrir Jasminuson
 - iii. Eygló Ósk Gústafsdóttir
 - iv. Kristinn Þórarinsson
 - v. Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Staðfest

b. Fleiri styrkir í farvatninu

Frestað til næsta fundar

6. Lágmrök og viðmið 2019 til 2020

- c. Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar áætlun næsta sundárs ásamt lágmrökum

Framkvæmdastjóra falið að gefa út 1.júní 2019 og kynna félögum

7. Íþróttáþing

- d. Formaður, varaformaður, gjaldkeri, framkvæmdastjóri, Hilmar Örn og Bjarney sóttu þingið og fara yfir það helsta sem þar átti sér stað.
- e. Samþykktir þingsins verða birtar á vef ÍSÍ þegar þinggerð liggur fyrir

8. NSF ársfundur

- f. Haldinn í St. Pétursborg 9.maí 2019
- g. Formaður og varaformaður sóttu fundinn og gefa munnlega skýrslu
 - i. Venjuleg aðalfundarstörf
 - ii. Eftirfarandi er í vinnslu
 - Unnið að tillögu um hvað eigi að nota sjóði NSF í, SWE, FIN, DAN
 - Unnið að tillögu um lagfæringar á lögum NSF, ISL
 - a. Fræðsluáætlun
 - b. Fjármunir
 - c. Einföldun á fundahaldi NSF
 - iii. Allar samþykktir og gögn birt á heimasíðu NSF

9. LEN þing

- h. Haldið í St. Pétursborg 10.maí 2019
- i. Formaður og varaformaður sóttu þingið og gefa munnlega skýrslu
 - i. Rólegt þing og öll verkefni í farvegi

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

- ii. Upplýsingar um mót næstu tveggja ára
- iii. Fjárhagur LEN með besta móti
- iv. Sérstaklega varað við tillögum um reglubreytingum sem koma frá FINA

10. Sundþing

- j. Dags- og staðsetning:
 - i. 15.júní 2019
 - ii. Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Staðfest

- k. Þingforsetar og þingritarar
 - i. Lagt til að formanni verði falið að finna fólk til starfa

Staðfest

- l. Dagskrá þingsins
 - i. Liggur fyrir í lögum SSÍ
 - ii. Gert er ráð fyrir eins dags þingi að þessu sinni
 - iii. Stjórn mun leggja fyrir tillögu að þingsköpum í upphafi þings til að störf þingsins verði skipulagðari
 - Formaður mun forma tillöguna

Staðfest

- m. Heiðursviðurkenningar
 - i. Formanni, varaformanni og gjaldkera falið að ljúka tillögunni og leggja fyrir í upphafi þings

Staðfest

- n. Reikningar og fjárhagsáætlun
 - i. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri skýra frá stöðu ársins 2018
 - ii. Fjárhagsáætlun 2019, 2020 og 2021
- o. Lagabreytingar
 - i. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 1.grein
 - lagt til að heiti sambandsins verði Sundíþróttasamband Íslands til að árétta að sambandið er regnhlíf fyrir allar greinar sundíþróttá. Þetta mun ekki hafa nein áhrif á núverandi starfssemi, auðkenni eða hvað sambandið er kallað. Þá er gerð tillaga um að árrétta alþjóðleg tengsl og samstarf sem SSÍ á í.
 - ii. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 3.grein
 - lagt til að tveimur atriðum verði bætt við tilgang SSÍ, en það er að vinna að uppbyggingu sundíþróttastöðu um landið og svo að fylgja eftir gæðum sundkennslu á Íslandi. Þetta er í samræmi við breytingartillögur um verkefni stjórnar SSÍ í 11.grein
 - iii. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 7.grein
 - lagt til að fjárhagsáætlanir fyrir næstu tvö reikningsár séu lagðar fyrir og jafnframt að fjárhagsáætlun yfirstandandi árs sé staðfest. Það er ankannanlegt að leggja áætlun ársins fyrir þegar stór hluti ársins er liðinn. Þess vegna er gert ráð fyrir að þingið staðfesti áætlun yfirstandandi árs og fylgi úr hlaði áætlun næstu tveggja ára á eftir.
 - Þá er lagt til að kosning um varamenn í stjórn fari ekki fram – í samræmi við breytingartillögur við 10. grein.

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

- Í lok þessarar greinar er bætt við tillögu að málsgrein sem fjallar um að í auglýstri dagskrá eigi að taka fram hvenær stjórnarkosning á að fara fram. Það er í samræmi við venju undanfarinna ára, auk þess sem mörg sérsambönd hafa tekið þessa ágætu reglu upp.
- iv. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 10.grein
- Í fyrsta lagi er gerð tillaga um orðalagsbreytingar um hvernig kjósa á stjórnarfólk. Engar efnisbreytingar eru gerðar.
 - Í öðru lagi er gerð tillaga um að fella burtu ákvæði um að kjósa varastjórn. Miðað við reynslu okkar þessi þrettán ár sem ákvæðið hefur verið í gildi er ekki ástæða til að hafa varamenn. Þess í stað er lagt til að stjórn geti kallað til starfa fólk falli stjórnarmenn frá eða hætti störfum. Það hefur verið gert í nokkur skipti og gefist ágætlega.
 - Í þriðja lagi er gerð tillaga um að stjórnarfólk sitji ekki lengur en átta ár samfelld í sömu stöðu. Það hefur oft verið rætt í hreyfingunni og hér gerð tilraun til að ná utan um þær hugmyndir. Þess má geta að ákvæði í þessa veru eru í mörgum sundsamböndum í Evrópu á þeim forsendum að það auki gagnsæi og ábyrgð hreyfingarinnar. Hér er notast við orðalagið „að jafnaði“ til að festast ekki um of í forminu.
 - Í fjórða lagi er gerð tillaga um orðalagsbreytingar hvað varðar framkvæmdaráð. Í stað þess að það sé ákveðið í lögnum hverjir skipa framkvæmdaráð er lagt til að stjórn skipi það úr sínum hópi. Alltaf er þó gert ráð fyrir að formaður fari fyrir framkvæmdaráði eins og stjórn.
 - Í fimmta lagi er sett inn ákvæði í 10.grein sem er í samræmi við breytingu sem gerð var á 12.greininni lögnum á Sundþingi 2017. Það fjallar um framboðsfrest og hvernig kjörnefnd ber að haga vinnu sinni í aðdraganda sundþings. Á móti er gert ráð fyrir að ákvæðið í 12.grein falli burtu þar sem eðlilegra þykir að fjalla um framboð til stjórnar í sömu grein og fjallað er um kosningu til stjórnar.
- v. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 11.grein
- tillaga um orðalagsbreytingu til að áréttta annars vegar að SSÍ er regnhlíf yfir allar sundíþróttir og málefni tengd þeim og hins vegar er orðalagsbreyting sem miðar að því að ramma betur inn skilning á verkefnum stjórnar SSÍ.
 - Þá er listinn um aðalverkefni stjórnar SSÍ lengdur til að áréttta þau verkefni sem stöðugt er unnið að og einnig er stjórninni gefin formleg heimild til að hefja samstarf við önnur sérsambönd, Héraðs- og íþróttabandalög, sveitarstjórnir og ríkið til að ná fram markmiðum sambandsins. Allt slíkt samstarf þarfnast engu að síður staðfestingar næsta Sundþings á eftir sbr. breytingar á Almennum ákvæðum og reglugerðum SSÍ.
- vi. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 12.grein
- tillaga um að fella brott fyrstu málsgreinina sem fjallar um störf kjörnefndar. Það er gert með þeim fyrirvara að samhliða breyting á 10.grein um hlutverk og störf kjörnefndar nái fram að ganga.

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

- Þá er tiltekt í nefndalistanum, en af einhverju orsökum hafa breytingar á honum ekki birst réttar í lögum SSÍ fram til þessa.
- Gerð er tillaga um lágmarksfjölda fólks í hverri nefnd. Þessi lágmarksfjöldi telur ekki fulltrúa stjórnar í nefndunum.
- vii. Fyrir liggur tillaga um breytingu á 13.grein
 - tillaga að breytingum í samræmi við raunverulega aðild að SSÍ, en félög eru með beina aðild að SSÍ. Þá er einfaldað orðalag um skýrslu- og skráningarskil og orðalag fært til raunveruleikans.

Staðfest

- p. Tillögur til að leggja fyrir þingið
 - i. Stefna SSÍ – til staðfestingar
 - Gert er ráð fyrir að þingið feli stjórn SSÍ að uppfæra stefnu SSÍ eftir þörfum fram að næsta sundþingi á eftir
 - ii. Afreksstefna SSÍ – til staðfestingar
 - Gert er ráð fyrir að þingið feli stjórn SSÍ að uppfæra stefnu SSÍ eftir þörfum fram að næsta sundþingi á eftir
 - iii. Almenn ákvæði - til staðfestingar
 - Í tillögunni verður lagt til að þingið feli stjórn SSÍ að viðhalda og uppfæra reglugerðir SSÍ
 - iv. Handbók SSÍ til staðfestingar
 - Í tillögunni verður lagt til að þingið feli stjórn SSÍ að viðhalda og uppfæra handbókina eftir þörfum
 - v. Nýtt Íslandsmót félaga
 - Tillaga um að fjögur mót fyrir áramót og fjögur mót eftir áramót myndi mótaráð sem verður stofninn í Íslandsmóti félagsliða í sundi. Gert er ráð fyrir að ÍM25 og ÍM50 verði hluti af þessari mótaráð
 - a. Tilgangurinn er að tryggja að félög sem þurfa að ferðast milli landshluta eigi rétt á styrk úr Ferðasjóði ÍSÍ, að geta lokið ÍM50 með bikarafhendingu í beinni sjónvarpsútsendingu, að félög geti sótt styrki til sveitarfélaganna og setja á eitt mót þar sem liðin/félögin keppa á jafnréttisgrundvelli

Formanni falið að útfæra tillögu að reglugerð fyrir Íslandsmót félagsliða Staðfest

q. Aðrar tillögur

Engar tillögur liggja fyrir að sinni

r. Framboð til stjórnar SSÍ 2019

- i. Þeir sem eiga kjörtíma til 2021 eru:
 - Hörður J. Oddfríðarson formaður
 - a. Formaður mun segja af sér á sundþingi
 - Jón Hjaltason varaformaður
 - Björn Sigurðsson gjaldkeri
 - Hilmar Örn Jónasson
- ii. Úr stjórn og varastjórn ganga:
 - Bjarney Guðbjörnsdóttir
 - Elsa María Guðmundsdóttir

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

- Hrafnhildur Lúthersdóttir
- Eva Hannesdóttir
- Helga Sigurðardóttir
- iii. Hættir í stjórn frá síðasta sundþingi
 - Jóna Margrét Ólafsdóttir með kjörtíma til 2021
 - Margrét Gauja Magnúsdóttir með kjörtíma til 2019
- iv. Innkallaðir til starfa
 - Júlía Þorvaldsdóttir var kölluð til starfa með stjórn og hefur unnið með stjórn undanfarna mánuði
- v. Kjörnefnd undir forystu Jóns Hjaltasonar hefur unnið að því að tryggja framboð í allar stöður
 - Fyrir liggur að eftirfarandi gefa kost á sér:
 - a. Björn Sigurðsson í embætti formanns til 2021
 - b. Bjarney Guðbjörnsdóttir í embætti meðstjórnanda til 2023
 - c. Elsa María Guðmundsdóttir í embætti meðstjórnanda til 2023
 - d. Hörður J. Oddfríðarson í embætti meðstjórnanda til 2021
 - e. Júlía Þorvaldsdóttir í embætti meðstjórnanda til 2023
 - f. Oddur Örnólfsson í embætti meðstjórnanda til 2023
 - g. Viktoría Gísladóttir í embætti meðstjórnanda til 2021
 - h. Hrafnhildur Lúthersdóttir í embætti varamanns til 2021

11. FINA þing

- s. Haldið í Gwangju í Suður Kóreu 19.júlí 2019.

12. Verkefni framundan

- t. Íslandsmót í Waterpóló + Icelandic open water polo tournament
 - i. SH og Ármann keppa um Íslandsmeistaratitilinn 23.maí 2019
 - ii. 10 lið að koma til keppni
 - iii. Ísland, Svíþjóð, USA, Króatía og Þýskaland
 - iv. Einn erlendur dómari kemur á kostnað SSÍ
 - v. SSÍ leggur til verðlaun og styrkir framkvæmdina um allt að 100.000 kr. til viðbótar

Staðfest

- u. Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi
 - i. 19 keppendur
 - ii. 2 þjálfarar – Mladen Tepavcevic og Steindór Gunnarsson
 - iii. Sjúkraþjálfari – Unnur Sædís Jónsdóttir
 - iv. Flokksstjóri – Júlía Þorvaldsdóttir
 - v. 3 dómarar – Haraldur Hreggviðsson, Sarah Buckley, Sigurbór Sævarsson
 - vi. Formaður/fjölmiðlatengill – Hörður J. Oddfríðarson
- v. Æfingaverkefni landsliða í Prag
 - i. 27 sundmenn
 - ii. 2 þjálfarar – Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir
 - iii. 2 fararstjórar – Hilmar Örn Jónasson og Guðlaug Björnsdóttir
- w. AMÍ í Reykjanesbæ
 - i. Samningur liggur fyrir við ÍRB
 - ii. Undirbúningur gengur vel

Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 16. maí 2019

- x. EMU
 - i. Tveir hafa þegar náð lágmarki
 - ii. Einn þjálfari
- y. NÆM
 - i. Fimm hafa náð lágmarki
 - ii. Einn þjálfari
 - iii. Einn fararstjóri
- z. EYOF
 - i. Fjórir hafa náð lágmarki
 - ii. Einn þjálfari
 - iii. ÍSÍ verkefni
- aa. HM50 í Gwangju Suður Kóreu
 - i. Tveir hafa náð lágmarki
 - Fari fleiri en fimm sundmenn fara tveir þjálfarar
 - Fari fimm eða færri sundmenn fer einn þjálfari
 - ii. Sjúkraþjálfari
 - iii. Fararstjóri
- bb. HM garpa í Suður Kóreu
 - i. Mögulegir þátttakendur
 - Vitað um amk tvo keppendur
 - Hörður J. Oddfríðarson verður við vinnu á mótinu sem fulltrúi í garpanefnd FINA

13. Önnur mál

- cc. FINA þjálfaranámskeið 18.-22. september 2019
 - i. Sá sem kemur hér með námskeiðið mun bjóða upp á Power Swim Test á meðan hann dvelur hér.
- dd. Umræða um keppnisrétt sundfólks í félagaskiptum
 - i. Stjórn sammála um að áréttu þær reglur sem gilda um félagaskipti og hvetur sundfólk til að hafa góðan fyrirvara á félagaskiptum sínum
 - ii. SSÍ mun ekki samþykkja að sundfólk í félagaskiptaglugga geti synt sem gestir á mótum

Staðfest

- ee. Umræða um umreikning tíma úr Yard í metra og röðun fólks í riðla á ÍM sem ekki á metratíma innan árs
 - i. Stjórn SSÍ leitar til landsliðsnefndar til að forma tillögu fyrir sundþing. Stjórnarmenn Bjarney og Hrafnhildur munu koma að þessari vinnu

Staðfest

- ff. Stjórn SSÍ áréttar að fatlaðir geta/mega keppa á ÍM mótum á vegum SSÍ, að því tilskyldu að viðkomandi fari eftir reglum FINA. SSÍ og ÍF hafa gert samkomulag sín á milli að í undanrásum ÍM mótanna fer einnig fram Íslandsmót í flokki fatlaðra.

Staðfest

- gg. Stjórn SSÍ áréttar að sama sundfólk getur keppt bæði á ÍM25 og 50, IMOC og Íslandsmóti í Víðavatnssundi þar sem um er að ræða þrjár mismunandi íþróttgreinar

Staðfest

- hh. Umræða um mótahald og atburðadagskrá SSÍ



**Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019
fimmtudaginn 16. maí 2019**

Fundi slitið kl.22:20